



Nefndasvið Alþingis
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík: 4.3.2021
Tilvísun: 202102-0021

Efni: Frumvarp um breytingu á stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum (forseti Íslands, ríkisstjórn, verkefni framkvæmdarvalds, umhverfisvernd, auðlindir náttúru Íslands og íslensk tunga), 466. mál.

Eins og fram kemur í fyrri umsögnum ASÍ um stjórnarskrárbreytingar frá árinu 2012, 2019 og 2020 styður Alþýðusamband Íslands það sjónarmið, að nauðsyn beri til þess að íslensk þjóð setji sér nýja, skýra og nútímalega stjórnarskrá í opnu og lýðræðislegu ferli. Það frumvarp sem nú er lagt fram lítur að afmörkuðum breytingum.

Umsögn um 22.gr.

ASÍ telur að innleiðing umhverfis- og auðlindaákvæða í stjórnarskrá Íslands styðji við þá stefnu ASÍ að atvinnuuppbygging fari fram á forsendum sjálfbærrar þróunar og að almannahagur sé hafður að leiðarljósi við nýtingu náttúrugæða. Liður í því að leggja almannahag til grundvallar sjálfbærrar uppbyggingar vinnumarkaðar sé að tryggja jafnræði og gagnsæi við úthlutun nýtingarheimilda náttúrugæða. Því sé jákvætt að sérstaklega sé kveðið á um þessi atriði í frumvarpinu.

22.gr.a. inniheldur mjög sambærilegt ákvæði og finna má í tillögum stjórnlagaráðs og nær yfir öll þau atriði sem voru í tillögum stjórnlagaráðs um sama efni. Ákvæðið í frumvarpinu er orðað þannig að það nær yfir alla mikilvægustu þætti er varða umhverfismál og náttúruvernd, svo sem mikilvægi náttúrunnar sem undirstöðu lífs í landinu, að stuðlað verði að sjálfbærri þróun og að fjölbreytni náttúrunnar og vöxtur lífríkis sé tryggður. Í ákvæðinu kemur einnig fram að réttur almennings til heilnæms umhverfis skuli tryggður og inn á ferðafrelsi almennings þar sem kveðið er á um að almenningi sé heimil för um landið. Þá er kveðið á um rétt almennings til upplýsinga um umhverfið, áhrif framkvæmda á það og þátttöku í undirbúningi ákvarðana sem hafa áhrif á umhverfið. Eftir yfirferð og mat, samanburð við tillögur stjórnlagaráðs og yfirferð greinargerðar sem fylgir frumvarpinu er það mat ASÍ að ákvæðið sé framsækið og að í því felist mikilvægar góðar viðbætur og umbætur á núverandi stjórnarskrá.

22.gr.b. ASÍ telur brýnt að taka allan vafa af um að auðlindir náttúru Íslands séu í eigu þjóðarinnar, að ekki sé heimilt að úthluta þeim til varanlegra afnota og að úthlutun geti aldrei leitt til einkaréttarlegrar eignar eða óafurkallanlegs forræðis. Til þess að taka af allan vafa um að nýtingarréttur sé tímabundinn eigi að gera breytingar til eyða þeim vafa. ASÍ telur jafnframt að stjórnvöldum beri að innheimta gjald af nýtingu sem tryggi að renta af nýtingu auðlinda renni til þjóðarinnar.



ASÍ tekur ekki efnislega afstöðu til annarra ákvæða frumvarpsins en vísar til fyrri umsagna um frumvörp byggða á tillögum stjórnlagaráðs. ASÍ vill þó taka fram, að sambandið sér enga knýjandi ástæðu til þess að lengja kjörtímabil forseta og takmarka embættistíma hans og aðrar breytingar á valdsviði forseta krefjast frekari umræðu. Fjögurra ára kjörtímabil er hæfilegt, í samræmi við embættistíma annarra þátta ríkisvaldsins og reynst vel án takmörkunar á endurkjöri frá stofnun Lýðveldisins

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, which appears to read 'Drífa Snædal'.

Drífa Snædal, forseti ASÍ.